



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI ÝTIR ÚR VÖR LANDSÁTAKI TIL ÚTBREIÐSLU BIRKISKÓGA**

Á morgun, miðvikudaginn 16. september 2020 klukkan 14:00, hefst formlega Landsátak í söfnun birkifræs sem Skógræktin og Landgræðslan standa að ásamt öðrum og mun forseti Íslands ýta verkefninu úr vör á Bessastöðum. Átakið miðar að því að breiða út birkiskóglendi í landinu, meðal annars með það fyrir augum að binda kolefni úr andrúmsloftinu og draga þannig úr áhrifum mengunar.

Viðstaddir viðburðinn á Bessastöðum á morgun verða meðal annars fulltrúar Skógræktarinnar og Landgræðslunnar og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra auk fulltrúa fjölmiðla. Forseti mun tína fræ af birki við Bessastaði í öskju sem framleidd var í tilefni af þessu ræktunarátaki.

*15. september 2020*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Pétur Halldórsson, kynningarstjóri Skógræktarinnar (663 1842).*